



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 1. júlí 2020

R20070009

633

Borgarráð

Holtavegur 29 - leiga á skólagarðahúsi

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi húsaleigusamning við Helgu Guðjónsdóttir kt. 200575-2969, Hraunbæ 186, 110 Reykjavík um skólagarðahús við Holtaveg, Reykjavík, dags 1. júlí 2020.

Greinargerð:

Húsaleigusamningurinn er ótímabundinn með þriggja mánaða uppsagnarfresti og er fyrirhuguð starfsemi í húsinu barnagæsla. Húsaleiga er kr. 144.584. pr. mánuð fyrir 53,3 fermetra húsnæði. Auglýst var eftir tilboðum og barst tilboð Helgu í leigu húsnæðisins.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:

Húsaleigusamningur fyrir skólagarðahús við Holtaveg dags 01.07.2020
Holtavegur 29 til leigu fyrir dagforeldra - Fundargerð

LEIGUSAMNINGUR

um skólagarðahús við Holtaveg,

Undirritaðir gera með sér eftirfarandi samning um leigu á skólagarðahúsi við Holtaveg

Samningsaðilar

Leigusali: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - Eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, Reykjavík.
Tengiliður: Daniela Katarzyna Zbikowska
Póstfang: daniela.kz@reykjavik.is, sími 6203871

Leigutakar: Hulda Guðjónsdóttir, Kt. 200575-2969 *Hraunhæver 186 íbúð 208*
Póstfang: duldaproppe@gmail.com, sími: 8960934

1. gr.

Hið leigða

Hið leigða er skólagarðahús við Holtaveg í Reykjavík. Um er að ræða um 53,3 m² skólagarðahús. Leigutaka er heimil afnot nánasta umhverfis.

Leigutakar hyggjast nýta hið leigða til reksturs á daggæslu barna í heimahúsum sem lýtur leyfi Leikskóla Reykjavíkur samanber reglugerð nr. 907/2005 og 941/2002 ef áætlað að tveir dagforeldrar starfi saman. Önnur starfsemi er óheimil án samþykkis leigusala.

2.gr.

Leigutími

Leigutímabilið hefst hinn 25. júlí 2020. Samningur þessi er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur eru þrjú mánuðir.

3.gr.

Leigukjör

Húsaleiga skal vera kr. 144.584.- á mánuði og greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. hvers mánaðar. Leigugreiðslur skulu hefjast 1. ágúst 2020.

Beri gjalddaga upp á frídag skal miða við næsta virka dag þar á eftir. Húsaleiga skal greiða samkvæmt útsendum greiðsluseðlum fjárreiðudeildar Reykjavíkurborgar og fylgja reglum deildarinnar um eindaga og vexti.

Húsaleigan miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er þann 1. júlí 2020 (480,1 stig) og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar á eins mánaðar fresti.

4.gr.

Ástand hins leigða húsnæðis við afhendingu þess til leigutaka

Leigutaki hefur kynnt sér ástand hins leigða, sem hann sættir sig við. Allar breytingar á húsnæðinu, útliti eða búnaði þess af leigutaka skulu vera með leyfi leigusala og skulu verða eign leigusala að samningstíma liðnum. Húsnæðinu, ásamt tilheyrandi fylgifé, skal skila hreinu í lok leigutíma og ekki í lakara ástandi en við upphaf leigutíma fyrir utan eðlilegt slit.

5.gr.

Greiðsla rekstrarkostnaðar

Leigutaki greiðir allan rekstrarkostnað hins leigða, s.s. fyrir notkun vatns, rafmagns og hitunarkostnað.

Leigusali greiðir öll opinber gjöld, þ.m.t. fasteignagjöld og lögboðnar tryggingar af hinu leigða.

6.gr.

Viðhald, breytingar

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Leigutaki annast á sinn kostnað allt nauðsynlegt og eðlilegt viðhald hins leigða innahúss meðan leigutíminn varir. Leigusali sér um og lætur framkvæma allt viðhald utandyra.

Sérstakt samþykkti leigusala þarf fyrir framkvæmdum er varða hið leigða húsnæði.

7.gr.

Tryggingar og ábyrgð

Leigutaki annast allar tryggingar á eignum sínum í leiguhúsnæðinu.

Leigusali ber ekki ábyrgð á tjóni er kann að verða á eignum leigutaka í hinu leigða húsnæði vegna óhappa svo sem vatnstjóns, elds, reyks og þess háttar nema því aðeins að leigusali, eða þeim sem hann ber ábyrgð á, verði um kennt. Leigutaka ber að fara varlega með eld í húsinu og önnur hættuleg efni og gæta þess að ekki stafi hætta af rafleiðslum, vélum eða öðrum hlutum er hann hefur og notar í húsinu. Leigutaki skal annast á sinn kostnað allar nauðsynlegar eldvarnir eða aðrar slíkar ráðstafanir í hinu leigða húsnæði sem Eldvarnareftirlitið eða aðrar opinberar stofnanir kunna að gera kröfu til vegna starfsemi leigutaka eða vegna þeirra breytinga sem leigutaki hefur gert á hinu leigða.

Leigutaki skal bæta leigusala það tjón, sem hið leigða húsnæði kann að verða fyrir á leigutímanum sem sannarlega er af hans völdum, starfsmanna eða starfssemi hans. Starfsmenn leigusala hafa heimild til að ganga um hið leigða með hæfilegum fyrirvara til eftirlits eða til þess að framkvæma úrbætur.

8.gr.

Lóð

Ekki er sér lóð sem fylgir húsinu.

JLG

DM

9.gr.

Starfsemi o.fl.

Starfsemi sú sem leigutaka er heimilt að stunda í hinu leigða húsnæði fellur undir reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum.

10.gr.

Framleiga

Leigutaka er óheimil framleiga hins leigða húsnæðis.

11. gr.

Sérákvæði

Að öðru leyti en hér er kveðið á um hafa leigutaki og leigusali þær skyldur og réttindi sem húsaleigulög nr. 36/1994 kveða á um með síðari breytingum eftir því sem við getur átt.

Leigutaki ábyrgist að fyrirhuguð starfsemi í hinu leigða húsnæði sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila fyrir sig.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, 1. júlí 2020.

F.h. leigutaka




F.h. leigusala



Með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila.



Árið 2020 þann 12. júní kl. 13:20 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar Reykjavíkurborgar „Holtavegur 29 til leigu fyrir dagforeldra“. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.
Fundí stjórnaði Daniela Zbikowska. Fundargerð ritaði Guðbjörg Eggertsdóttir.

Eftirfarandi aðili skilaði inn tilboði:

1	Hulda Guðjónsdóttir kt. 200575-2969	kr.	144.584
---	-------------------------------------	-----	---------

Fleiri tilboð bárust ekki.

Fundi lokið kl. 13:21

Guðbjörg Eggertsdóttir

